| | | |
|---|---|---|
| **Dags. fundar**: 11.Mars 2013 | **Tími:** 17.15 | **Nr. fundar:** 31 |
| **Fundarboðari:** Svanhvít Guðrún Jóhannsdóttir | **Fundarritari**: Björn Valdimarsson | **Staður:**Laugardalslaug. Efri hæð |

***Efni fundar:***

1. Undirbúningur vegna ÍM-50
2. Breyting á DMT-nefnd.
3. EMU Pólland og Smáþjóðaleikar
4. Önnur mál.

**Viðstaddir:** Svanhvít G. Jóhannsdóttir, Björn Valdimarsson,Gunnlaugur Þráinsson, Ragnhildur Guðjónsdóttir, Ólafur Baldursson og Viktoría Gísladóttir.

---

**Dagskrá:**

1. Svanhvít bauð Viktoríu velkomna. Undirbúningur vegna ÍM 50 sett af stað. Hver gerir hvað frá SSÍ á mótinu. Gunnlaugur sér um skráningar á móti. Yfirdómari Andreas frá Sviss kemur til landsins og dæmir á þessu móti. Ólafur vill hafa 3.yfirdómara við tæknibúrið þar af einn sér um að taka við og þjónusta þjálfara vegna ógildinga og boðsundsgagna og þar með loka fyrir aðgang að tæknibúrinu. Leið keppenda verður eingöngu í gegnum riðlaherbergið lokað verður fyrir aðgang frá ræsir að hurð gluggamegin. Hugmynd að hafa fræðslufund Miðvikudagskvöldið fyrir ÍM 50. Skráningar eiga að ver komnar til SSÍ 10.dögum fyrir mótið. Ragnhildur sér um að finna mannskap í tækniherbergið.

2. Viktoría Gísladóttir hefur tekið sæti í DMT nefndinni og kom til starfa á fundinum. Svanhvít ætlar að ræða við Ingibjörgu um hvort hún getur haldið áfram að sjá um punktaskráningar og DMT netfangið. Þetta hefur reynst farsælt undir hennar stjórn.

3. Ólafur ræddi um að SSÍ hafi sent erindi til Sundsambands Lúxemborgar vegna þess að þeir hafa afþakkað dómara frá öðrum löndum. EMU í Póllandi 10-17.Júlí 2013. Senda á alþjóðlegan dómara á mótið. Ræða á við Estivu Birnu Björnsdóttur sem er næst í röðinni.

4. Svanhvít, ræddi um hvað henni fannst dómaranemarnir hafi verið áhugasamir á námskeiðinu og í verklega hlutanum. Væntir góðs af nýútskrifaða hópnum. En og aftur var umræða um klæðnað á bakkanum. Bolir merktir SSÍ frá Speedo ættu að koma í kjölfar nýs samnings við umboðsaðilan. Engin á að vera berfættur við störf á bakkanum. Hvítar buxur ¾ mega vera hluti af dómarafatnaði.

**Verkefni ákveðin á fundinum:**

| *Verkefni* | *Ábyrgur* | *Ljúkist fyrir:* |
|---|---|---|
| Undibúningur vegna ÍM 50 | DMT nefndin | Sem fyrst. |
| | | |

**Fundi slitið** kl: 18.10
**Næsti fundur:** 8.Apríl 2013 Kl 17:15